

Umhverfisstofnun
Áb. <u>G81</u>
18. feb. 2015
<u>8.14.1</u>
Tilv. VSTZ0140500247



Fljótsdalshérað
 Björn Ingimarsson
 Lyngási 12
 700 Egilsstöðum

UMHVERFIS- OG
 AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
 sími: 545 8600 postur@uar.is
 umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 17. febrúar 2015
 Tilv.: UMH13110161/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 10. mars 2014 og bréf ráðuneytisins frá 2. júlí 2014. Með bréfi 28. nóvember 2013 óskaði Fljótsdalshérað eftir framlengingu á undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpurðunar að Tjarnarlandi sem ráðuneytið veitti 25. júní 2013. Með bréfi hinn 27. júní 2011 veitti ráðuneytið Fljótsdalshéraði, í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðun í Tjarnarlandi þar til nýtt starfsleyfi yrði gefið út en þó eigi lengur en til 1. mars 2013 og svo aftur með framangreindu bréfi hinn 25. júní 2013 með gildistíma til 31. desember 2013 hið lengsta. Erindið frá 28. nóvember 2013 var sent Umhverfisstofnun til umsagnar í samræmi við 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umsögn stofnunarinnar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 18. desember 2013. Með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram komu í umsögn Umhverfisstofnunar og afstöðu stofnunarinnar til framangreindrar beiðni um undanþágu óskaði ráðuneytið eftir að Fljótsdalshérað upplýsti ráðuneytið og Umhverfisstofnun um þá þætti sem reifaðir voru í bréfi ráðuneytisins 24. febrúar 2014 til sveitarfélagsins. Umbeðnar upplýsingar bárust ráðuneytinu 10. mars 2014. Í framhaldi af því óskaði ráðuneytið eftir því með bréfi 23. maí 2014 að Umhverfisstofnun veitti ráðuneyti að nýju umsögn um beiðni Fljótsdalshrepps um undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpurðunar að Tjarnarlandi. Umsögn stofnunarinnar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 11. júní 2014.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal móttökustöð fyrir úrgang hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í áðurnefndri umsögn Umhverfisstofnunar frá 11. júní 2014 kemur fram að í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar um málið hafi stofnunin ekki lagst gegn því að ráðherra veitti Fljótsdalshéraði undanþágu frá starfsleyfi sem gilda myndi á meðan lokið yrði við vinnslu og útgáfu nýs starfsleyfis

fyrir urðunarstaðinn. Stofnunin hafi þó ekki talið grundvöll fyrir veitingu undanþágunnar fyrr en til lykta leidd hafi verið þau álitamál sem fram komu í 1.-3. tölul. í tölvubréfi stofnunarinnar til Fljótsdalshéraðs frá 16. ágúst 2013. Jafnframt hafi stofnunin talið nauðsynlegt að fyrir lægi niðurstaða um hvort mat á umhverfisáhrifum þarfnaðist endurskoðunar vegna breyttra forsendna í rekstri staðarins. Í umsögninni hafi komið fram að Umhverfisstofnun teldi grundvallaratriði að áður en frekari urðun á staðnum yrði heimiluð með undanþágu frá starfsleyfi þá þyrfti að liggja fyrir hvaða kröfur myndu koma til með að gilda um frágang á botni og í hliðum í nýju starfsleyfi. Stofnunin hafi vísað til 3. tölul. í framangreindu tölvubréfi frá 16. ágúst 2013 um að stofnunin teldi fyrirliggjandi áhættumat ekki fullnægjandi grundvöll til að draga úr kröfum hvað varði þennan frágang, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun hafi talið nauðsynlegt að fá niðurstöðu í þennan hluta málsins áður en undanþága frá starfsleyfi yrði veitt. Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að nú sé staða málsins sú að tvö af þremur álitamálum sem vísað er til hér að framan hafi verið til lykta leidd. Fljótsdalshérað hafi tekið ákvörðun um að hætta við lokun eldri hluta urðunarstaðarins og fyrir liggi niðurstaða Skipulagsstofnunar um að sú ákvörðun breyti ekki forsendum er varða mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt hafi Fljótsdalshérað skilað inn fullnægjandi gögnum sem sýna fram á að söfnun hauggass er tæknilega ógerleg á urðunarstaðnum. Ákvæði nýs starfsleyfis muni verða í samræmi við þessa niðurstöðu. Hins vegar standi ennþá eftir álitamál er varðar frágang á botni og í hliðum urðunarstaðarins, sbr. 3. tölul. í framangreindu tölvubréfi Umhverfisstofnunar frá 16. ágúst 2013. Umhverfisstofnun hafi borist endurskoðað áhættumat vegna botns og hliða þann 13. mars 2014. Stofnunin hafi tekið matið til umfjöllunar og komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri mögulegt að samþykka það þar sem nánari upplýsingar vantaði um tiltekna forsendu fyrir útreikningum á vatnsbúskap á urðunarstaðnum. Beiðni um viðbótarupplýsingar hafi verið send Fljótsdalshéraði 16. apríl 2014. Stofnuninni hafi borist svar 22. apríl 2014 en það hafi ekki falið í sér þær upplýsingar sem um var beðið og því ístrekaði stofnunin beiðnina með tölvubréfi 5. maí 2014. Verkfræðistofa Austurlands sé með málið til athugunar og hafi verið í sambandi við stofnunina, sem veitt hefur leiðbeiningar, en eftir standi að niðurstaða í þessum hluta málsins liggur ekki fyrir. Fram kemur í umsögninni að afstaða Umhverfisstofnunar hafi ekki breyst frá fyrri umsögn um málið, dags. 18. desember 2013. Stofnunin leggist því ekki gegn því að ráðherra veiti Fljótsdalshéraði tímabundna undanþágu frá starfsleyfi á meðan unnið er að útgáfu nýs starfsleyfis, svo fremi sem niðurstaða hafi fengist í þann hluta málsins sem snýr að frágangi á botni og í hliðum. Stofnunin ítreki að sú niðurstaða liggi ekki fyrir að svo stöddu. Stofnunin geti ekki lagt mat á hvenær niðurstaða gæti fengist, enda liggi það hjá Fljótsdalshéraði að veita frekari upplýsingar svo hægt verði að útkljá málið.

Í ljósi þess að niðurstaða hafði ekki fengist í þann hluta málsins sem snýr að frágangi á botni og í hliðum urðunarstaðarins tilkynnti ráðuneytið með bréfi dags. 2. júlí 2014 að það áformaði að veita ekki umbeðna undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpurðunar að Tjarnarlandi og veitti yður færí á að koma að athugasemdum varðandi framangreint.

Í bréfi yðar frá 21. ágúst 2014 kemur fram að þegar bréf ráðuneytisins hafi verið skrifað hinn 2. júlí 2014 hafi ekki legið fyrir afstaða Umhverfisstofnunar til áhættumats. Með tölvupósti hinn 20. ágúst 2014 hafi hins vegar verið kynnt sú afstaða Umhverfisstofnunar að fallist yrði á áhættumatið og að dregið yrði úr kröfum til hliðar- og botnþéttunga. Þar með liggi fyrir að fengist hafi niðurstaða í þau álitamál sem uppi hafi verið og vinna við útgáfu starfsleyfis sé hafin innan Umhverfisstofnunar. Fyrir liggi að uppfyllt séu þau skilyrði sem nauðsynleg voru talin til að heimila áframhaldandi urðun með undanþágu frá starfsleyfi og vænti sveitarfélagið þess því að áður fram sett ósk um slíkt verði samþykkt og gildi á meðan að vinnsla starfsleyfis standi yfir.

Með tölvupósti hinn 23. janúar sl. staðfestir Umhverfisstofnun að málið sé í eðlilegum farvegi og gert sé ráð fyrir útgáfu starfsleyfis í haust. Stofnunin leggi til að möguleg undanþága verði bundin skilyrðum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum sem send hafi verið sveitarfélagini með tölvupósti hinn 21. janúar sl.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, niðurstaða hafi fengist í þau álitamál sem uppi voru, staðfestingu um að starfsleyfi sé í vinnslu og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veiti ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað

Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fljótsdalshérað skal uppfylla ákvæði tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að Tjarnarlandi, sem Umhverfisstofnun sendi sveitarféluginu með tölvupósti hinn 21. janúar 2015.
2. Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem um urðunarstaði gilda.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. nóvember 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:

Umhverfisstofnun

Heilbrigðisnefnd Austurlands